

Ed.

312. Tillaga til þingsályktunar

[147. mál]

um heykögglavinnslu- og fódurbirgðastöðvar.

Flm.: Magnús H. Gíslason, Páll Þorsteinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Landnámi ríkisins að hafa forgöngu um, að komið verði upp í tilraunaskyni og í samvinnu við búnaðarsamböndin heykögglavinnslu- og fódurbirgðastöðvum á 3—4 stöðum á Norður- og Austurlandi, og verja á þessu ári til undirbúnings slíkra framkvæmda hluta af því fé, sem Landnámi ríkisins er veitt á fjárlögum yfirstandandi árs, ef því verður ekki öllu varið til venjulegra landnámsframkvæmda, skv. lögum nr. 75 frá 1962.

Greinargerð.

Allveruleg brögð hafa að því verið undanfarin ár, að fóduröflun hefur brugð- izt á Norður- og Austurlandi. Valda þar um vorkuldar og kal á tünnum. Nokkuð hefur þetta verið misjafnt eftir héruðum, sveitum og jafnvel sveitarhlutum. Sum staðar í þessum landshlutum hefur kalsins lítið sem ekki gætt, annars staðar í þeim mæli, að heyfengur hefur á haustnóttum ekki reynzt nema brot af því, sem hann hefur verið í meðalári. Undir þessum kringumstæðum hafa þeir bændur, sem fyrir mestum áföllum hafa orðið, annað tveggja staðið frammi fyrir því að þurfa að stórskerða bústofn sinn eða afla honum fódurs með einhverjum hætti. Verulega bústofnsskerðingu þola bændur almennt ekki. Úrræðin hafa því orðið aukin fódurbætisgjöf að miklum mun og kaup á heyfóðri, sem orðið hefur að flytja um langvegum til kalsvæðanna, með miklum erfiðleikum og ærnum tilkostnaði.

Endurtekning þessara erfiðleika hefur eðlilega leitt huga manna að nauðsyn þess, að fóduröflun verði hverju sinni tryggð heima fyrir, svo sem kostur er. Rannsóknir hafa farið fram á orsökum kalskemmda, og úrræða leitað til þess að koma í veg fyrir þær. Sennilegt er þó, að seint verði það fyrirbyggt með öllu, svo sem veðráttu er háttað á landi hér.

Með tillögu þeirri, sem hér er flutt, er því beint til ríkisstjórnarinnar, að hún feli Landnámi ríkisins að koma upp á næstu árum fódurbirgðastöðum í þeim landshlutum, sem fódurskorturinn hefur mest herjað að undanfögnu. Er þá haft í huga, að tekin séu til ræktunar stór, samfelld landssvæði, þar sem þau væri að fá og aðstæður að öðru leyti álitlegar til þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir. Ef vel tækist til um þessar framkvæmdir, — og annað er naumast ástæða til að ætla, — mundi þrennt vinnast: Minni þörf fyrir kaup á kraftfóðri, sem að stórum hluta er innflutt, auðveldari og ódýrari flutningar á fóðrinu til þeirra bænda, sem á því þyrftu að halda, og síðast, en ekki sízt, mjög aukið afkomuöryggi fyrir bændur.

Eðlilegt sýnist að fela Landnámi ríkisins að hafa forgöngu um þessar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi búnaðarsambönd. Landnámið mun hafa yfir nokkrum fjármunum að ráða. Talið er líklegt, að framkvæmdir þess í ár verði mun minni en oft áður. Eru því allar horfur á, að það komi til með að eiga eitthvert afgangsfé. Vafamál er, að því verði betur varið til annarra framkvæmda en þeirra, sem hér er bent á.